Fundargerð

537. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, þriðjudaginn 27. október 2026, kl. 16:45.

Fundinn sátu:
Jóhannes Gissurarson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson, Auðbjörg B. Bjarnadóttir, Sigurður Árnason og Sigurjón Andrésson.
Fundargerð ritaði: Sigurjón Andrésson, sveitarstjóri.

Fundargerðir til kynningar

1. 2610021 - Fundargerðir 6 og 7 fundar stjórnar Klausturhóla

   Lagðar fram fundargerðir 6. og 7. fundar stjórnar Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla, haldinn 8. september og 23. október 2026.

   Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

2. 2608014 - Fundargerðir Samtaka sunnlennskra sveitarfélaga SASS

   Fundargerð frá 639 fundi stjórnar SASS sem haldinn var í fjarfundi föstudaginn 2. október 2026.

   Til kynningar.

Fundargerðir til samþykktar

3. 2610018 - Velferðarráð Skaftárhrepps 13 fundur

   Lögð fram til samþykktar fundargerð 13. fundar velferðarráðs Skaftárhrepps, haldins 21. október 2026. Meðal mála voru skólamál, viðhald og öryggismál íþróttamiðstöðvar, félagsmiðstöðvar, endurskoðun reglna um frístundastyrki, menningarmál, gjaldskrár ársins 2027 og undirbúningur að skipun ungmennaráðs.

   Tillaga að bókun:
   Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina með eftirfarandi afgreiðslum:

   Liður 7 - Gjaldskrár leikskóla, tónlistarskóla og íþróttamiðstöðvar 2027. Sveitarstjórn samþykkir tillögu velferðarráðs um 2,5% hækkun gjaldskráa frá gildandi gjaldskrám ársins 2026. Sveitarstjóra er falið að láta útbúa tillögu að gjöldum fyrir leigu á handklæðum og sundfötum og leggja fram með uppfærðum gjaldskrám til endanlegrar staðfestingar.

   Jafnframt er sveitarstjóra falið, í samráði við fjármálastjóra og skólastjóra tónlistarskólans, að kanna fyrirkomulag gjaldtöku vegna nemenda með lögheimili utan Skaftárhrepps og mögulega greiðsluþátttöku lögheimilissveitarfélaga. Niðurstöður verði lagðar fyrir

SHJ AV
SA JS.

ABB

velferðarráð.

Liður 8 - Gjaldskrá Félagsheimilisins Kirkjuhvols 2027.
Sveitarstjórn samþykkir 2,5% hækkun gildandi gjaldskrár frá 1. janúar 2027. Sveitarstjóra er jafnframt falið að undirbúa heildarendurskoðun gjaldskrárinnar í samræmi við tillögu velferðarráðs og leggja tillögur fyrir ráðið á fyrstu mánuðum ársins 2027.

Liður 9 - Skipun ungmennaráðs.
Sveitarstjórn samþykkir að auglýst verði eftir umsóknum um setu í Ungmennaráði Skaftárhrepps í samræmi við gildandi reglur. Sveitarstjóra er falið að annast auglýsingu og undirbúning málsins. Tillaga að skipan ráðsins verði lögð fyrir velferðarráð og í framhaldinu fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.

Aðrir liðir fundargerðarinnar eru samþykktir án athugasemda.

Almenn mál - umsagnir og vísanir

4. 2609005 - Nefndarsvið - umsagnarbeiðnir 2026

Lögð fram umsagnarbeiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dagsett 13. október 2026, vegna 88. máls, tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um sjávarflóðavarnir, ofanflóðavarnir og náttúruvá. Umsagnarfrestur er til og með 27. október 2026.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að fara yfir tillöguna og meta þýðingu hennar fyrir Skaftárhrepp. Sveitarstjóra er heimilt að senda umsögn fyrir hönd sveitarfélagsins í samræmi við umræður á fundinum innan tilskilins umsagnarfrests.

Samþykkt samhljóða.

5. 2609005 - Nefndarsvið - umsagnarbeiðnir 2026

Lögð fram umsagnarbeiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dagsett 15. október 2026, vegna 202. máls, loftslagslaga. Umsagnarfrestur er til og með 29. október 2026.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að fara yfir málið og meta áhrif þess á Skaftárhrepp. Sveitarstjóra er heimilt að senda umsögn fyrir hönd sveitarfélagsins í samræmi við umræður á fundinum innan tilskilins umsagnarfrests.

Samþykkt samhljóða.

6. 2609005 - Nefndarsvið - umsagnarbeiðnir 2026

Lögð fram umsagnarbeiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dagsett 13. október 2026, vegna 59. máls, frumvarps til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011 (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn). Umsagnarfrestur er til og með 27. október 2026.

ABB

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að fara yfir frumvarpið og meta áhrif þess á Skaftárhrepp. Sveitarstjóra er heimilt að senda umsögn fyrir hönd sveitarfélagsins í samræmi við umræður á fundinum innan tilskilins umsagnarfrests.

Samþykkt samhljóða.

7. 2609005 - Nefndarsvið - umsagnarbeiðnir 2026

Lagt fram til upplýsingar fundarboð umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis vegna 5. máls, frumvarps til sveitarstjórnarlaga. Skaftárhreppi er boðið að senda fulltrúa á fund nefndarinnar þriðjudaginn 3. nóvember 2026 kl. 9:50.

Á 536. fundi sveitarstjórnar, 29. september 2026, var sveitarstjóra falið að vinna umsögn um frumvarpið. Í framhaldi af því tók Skaftárhreppur þátt í samstarfi sveitarfélaga, að frumkvæði sveitarstjóra Grýtubakkahrepps, um að fá Guðjón Bragason lögfræðing til að vinna sameiginlegan faglegan grundvöll umsagna með athugasemdum og tillögum að úrbótum á frumvarpinu. Sveitarstjóri staðfesti þátttöku Skaftárhrepps 1. október.

Yfir tuttugu sveitarfélög komu að samstarfinu og deila kostnaði við vinnuna. Minnisblað Guðjóns liggur fyrir og var sú leið kynnt að hann skilaði því til Alþingis sem sérstakri umsögn sem sveitarfélögin gætu vísað til í eigin umsögnum eða viðbótarumsögnum. Fundarboðið veitir sveitarfélaginu nú tækifæri til að fylgja málinu eftir við þingnefndina.

Sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir við þingnefnd fyrir hönd Skaftárhrepps.

Samþykkt samhljóða.

8. 2610014 - AUÐUR fjarskiptastrengur - umsögn um matsskyldu, mál nr. 1231/2026

Lögð fram umsagnarbeiðni Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar, dagsett 22. október 2026, vegna fyrirhugaðrar lagningar fjarskiptastrengsins AUÐAR frá Íslandi til Skotlands á vegum Korda ehf., mál nr. 1231/2026 í Skipulagsgátt.

Fyrirhuguð landtaka er á Meðallandssandi í Skaftárhreppi. Gert er ráð fyrir um 8,5 km strengleið á landi og 60-100 m² landtökustöð á um 900 m² lóð við Syðri-Fljóta. Með erindinu fylgja matsskyldufyrirspurn og áhrifamat vatnshlota. Óskað er umsagnar um fyrirliggjandi gögn og hvort framkvæmdin skuli háð umhverfismati. Umsagnarfrestur er til 19. nóvember 2026.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að leggja umsagnarbeiðni vegna fjarskiptastrengsins AUÐAR fyrir skipulags- og umhverfisráð til meðferðar og koma upplýsingum og sjónarmiðum á framfæri við ráðið í samræmi við umræður á fundinum.

Samþykkt samhljóða.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

ÁBB

9. 2610009 - Snjómokstur - samningar veturinn 2026-2027

Sveitarstjóri kynnir stöðu samninga um snjómokstur í Skaftárhreppi fyrir veturinn 2026-2027. Ekki eru í gildi samningar við þjónustuaðila og hefur sveitarstjóri fundað með þeim um áframhaldandi þjónustu. Allir hafa lýst vilja til að halda þjónustunni áfram.

Unnið er að uppfærðum samningum fyrir veturinn 2026-2027 í samráði við þjónustuaðila og Vegagerðina eftir því sem við á. Stefnt er að því að leggja samningsdrög fyrir næsta fund sveitarstjórnar, en nauðsynleg gögn og útfærsla liggja ekki enn fyrir. Jafnframt er fyrirhugað að undirbúa útboð á árinu 2027 með það að markmiði að gera samninga til lengri tíma.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að tryggja samfellda snjómokstursþjónustu veturinn 2026-2027 og skýra ábyrgð á samningsgerð og framkvæmd þjónustunnar.

Sveitarstjóra er falið að vinna áfram að málinu í samstarfi við Vegagerðina og þjónustuaðila. Í því felst að skýra verkaskiptingu sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar, þar á meðal hvaða samningar verði gerðir á vegum hvors aðila, umfang þjónustunnar og kostnaðarskiptingu.

Stefnt verði að því að leggja samningsdrög og yfirlit um niðurstöðu þessa samráðs fyrir næsta fund sveitarstjórnar til afgreiðslu. Jafnframt verði, í samráði við Vegagerðina, undirbúið útboð á árinu 2027 með það að markmiði að gera samninga til lengri tíma.

Samþykkt samhljóða.

10. 2609028 - Viðaukar við fjárhagsáætlun 2026

Lagður fram viðauki 1 við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2026, unninn af KPMG, ásamt minnisblaði sveitarstjóra. Viðaukinn var sendur sveitarstjórn 1. október 2026 vegna brýnnar endurnýjunar sandsía og tengds dælu- og stýribúnaðar í heitum potti og vaðlaug sundlaugarinnar. Bilunin hafði leitt til lokunar heita pottsins.

Viðaukinn felur í sér 12.890.000 kr. viðbótarfjárheimild vegna búnaðar og uppsetningar. Jafnframt er upphafsstaða handbærs fjár leiðrétt með hliðsjón af ársreikningi 2025 og skammtímafjármögnun áætlunarinnar aðlöguð.

Færð er til bókar afgreiðsla milli funda þar sem viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2026 var samþykktur. Samþykki barst frá Sveini Hreiðari Jenssyni, Sigurði Árnasyni, Auðbjörgu Brynju Bjarnadóttur og Auði Guðbjörnsdóttur.

Viðhaldsgjöld eignasjóðs hækka um 12.890.000 kr. vegna endurnýjunar búnaðar í heitum potti og vaðlaug og er kostnaðinum mætt með lækkun á handbæru fé. Jafnframt felur viðaukinn í sér leiðréttingu á upphafsstöðu handbærs fjár og 127.259.000 kr. aukna skammtímafjármögnun miðað við upphaflega áætlun.

Með afgreiðslunni var sveitarstjóra falið að ganga frá kaupum og uppsetningu búnaðarins svo fljótt sem auðið væri innan samþykktrar

fjárheimildar og að staðfestri fjármögnun.

Samþykkt með fjórum atkvæðum. Jóhannes Gissurarson situr hjá við afgreiðslu málsins.

11. 2610012 - Almannavarnarnefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

Lögð fram fundargerð 7. fundar Almannavarnarnefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu frá 18. september 2026.

Sveitarstjórn tekur sérstaklega til afgreiðslu 3. lið fundargerðarinnar um drög að fjárhagsáætlun 2027. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti tillögu nefndarinnar um að fast framlag til almannavarna verði 350 kr. á hvern íbúa fyrir árið 2027.

Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

Samþykkt samhljóða.

12. 2610015 - Landsþing Kvenfélagasambands Íslands 2027 - ósk um stuðning

Lagt fram erindi Erlu Þóreyjar Ólafsdóttur fyrir hönd undirbúningsnefndar Landsþings Kvenfélagasambands Íslands 2027. Þingið verður haldið í Vík í Mýrdal dagana 1.-3. október 2027 og er gert ráð fyrir um 250 þátttakendum víðs vegar að af landinu.

Óskað er eftir stuðningi Skaftárhrepps með því að sveitarfélagið bjóði þinggestum upp á fordrykk fyrir hátíðarkvöldverð þingsins.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og fagnar því að Landsþing Kvenfélagasambands Íslands verði haldið í Vestur-Skaftafellssýslu árið 2027.

Sveitarstjórn samþykkir að styðja við viðburðinn með því að bjóða þinggestum upp á fordrykk fyrir hátíðarkvöldverð þingsins. Sveitarstjóra er falið að fylgja málinu eftir og ganga frá fyrirkomulagi og kostnaði í samráði við undirbúningsnefnd. Gert verði ráð fyrir kostnaðinum í fjárhagsáætlun ársins 2027.

Samþykkt samhljóða.

13. 2610011 - Breyting á skóladagatali Kirkjubæjarskóla á Síðu - færsla starfsdags

Lagt fram erindi skólastjóra Kirkjubæjarskóla á Síðu um að færa starfsdag grunnskóladeildar frá 11. nóvember til 9. nóvember 2026 vegna námskeiðs fyrir starfsfólk í Uppeldi til ábyrgðar, sem verið er að innleiða í skólastarfinu.

Formaður velferðarráðs lagði til að málið yrði tekið beint fyrir í sveitarstjórn svo unnt væri að undirbúa námskeiðið og kynna breytinguna tímanlega. Erindið var sent fulltrúum velferðarráðs til athugasemda með fresti til kl. 08:00 þann 26. október. Málið var samþykkt af fulltrúum Velferðarráðs með tölvupósti.

Sveitarstjórn samþykkir að starfsdagur grunnskóladeildar Kirkjubæjarskóla á Síðu verði færður frá 11. nóvember til 9. nóvember 2026 vegna námskeiðsins.

Sveitarstjórn felur skólastjóra að uppfæra skóladagatalið og kynna breytinguna fyrir foreldrum, nemendum og starfsfólki.

Samþykkt samhljóða.

14. 2609014 - Vistfræðilegt ástand Grenlækjar

Lagt fram svar umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins við erindi Skaftárhrepps vegna vistfræðilegs ástands Grenlækjar, sem sent var forsætisráðuneytinu í framhaldi af bókun sveitarstjórnar 29. september 2026.

Í svarinu kemur fram að ábyrgð á starfshópnum hafi færst til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og nýr formaður verið skipaður. Starfshópnum hefur verið falið að skila skýrslu fyrir áramót. Ráðuneytið lýsir jafnframt yfir vilja til fundar með sveitarfélaginu, bæði á næstunni og eftir að skýrslan liggur fyrir.

Sveitarstjórn þakkar upplýsingarnar og tekur undir boð ráðuneytisins um fund á næstunni. Sveitarstjóra er falið að finna fundartíma með ráðuneytinu til að fara yfir stöðu málsins, framhald vinnu starfshópsins og mögulegar aðgerðir til að bregðast við ástandi Grenlækjar.

Sveitarstjórn ítrekar fyrri bókun sína um alvarlegt vistfræðilegt ástand Grenlækjar og nauðsyn samhæfðra viðbragða ríkisins. Lögð er áhersla á að niðurstöður starfshópsins liggi fyrir innan boðaðs frests og að þeim verði fylgt eftir með skýrri og tímasettri aðgerðaáætlun.

Sveitarstjóra er jafnframt falið að óska eftir að skýrsla starfshópsins verði kynnt sveitarstjórn þegar hún liggur fyrir og gera sveitarstjórn grein fyrir niðurstöðum fundarins með ráðuneytinu.

Til kynningar. Jóhannes Gissurarson óskar bókað að hann taki ekki afstöðu til málsins.

15. 2610010 - Loftgæðamæling

Lagðar fram niðurstöður loftgæðamælinga MT Íslands á Heilsuleikskólanum Kærabæ og hjúkrunarheimilinu Klausturhólum í október 2026, ásamt úttekt á raka og ástandi húsnæðis Kærabæjar.

Í Kærabæ voru niðurstöður loftsýna úr Ævintýralandi, Undralandi og bleika svefnrýminu í A+ eða A flokki, án athugasemda í skýrslu. Í viðtalsherbergi mældust hins vegar sveppagildi og hlutfallsstuðull sveppa í C flokki og var mygluvöxtur staðfestur. Raki og rakaskemmdir greindust einnig á fleiri stöðum, meðal annars við skrifstofu leikskólastjóra, í eldhúsi og við hurð gámabyggingar. Í úttektinni eru tilgreindar nauðsynlegar viðgerðir, þrif og frekari skoðun.

Starfsmenn hafa verið upplýstir um niðurstöðurnar og foreldrum kynnt staðan á fjarfundi og með tölvupósti. Rætt hefur verið við verktaka um úrbætur og samkvæmt upplýsingum skólastjórnenda er fyrirhugað að þær hefjist um

miðjan nóvember. Stefnt er að því að framkvæmdir valdi sem minnstri röskun á leikskólastarfinu.

Á Klausturhólum voru tekin loftsýni í þremur rýmum. Sveppagildi og hlutfallsstuðull sveppa voru í A+ eða A flokki í öllum sýnunum. Heildarmagn ofnæmisvaka mældist í B flokki í Systrastapa 10 og mælti úttektaraðili með ítarlegum þrifum þar.

Sveitarstjórn þakkar stjórnendum og starfsfólki fyrir skjót og ákveðin viðbrögð við niðurstöðum úttektanna, upplýsingagjöf til hlutaðeigandi og undirbúning nauðsynlegra úrbóta. Sveitarstjórn leggur áherslu á að þeirri vinnu verði fylgt markvisst eftir til að tryggja heilnæmt húsnæði barna, íbúa og starfsfólks.

Sveitarstjóra er falið að fylgja eftir fyrirhuguðum úrbótum í Kærabæ í samráði við skólastjórnendur, umsjónaraðila fasteigna og viðeigandi sérfræðinga. Viðgerðir taki bæði til orsaka raka og skemmdra byggingarefna og framkvæmdasvæði verði afmörkuð með viðeigandi hætti. Frágangur og árangur úrbóta verði staðfest með faglegri yfirferð og mælingum eftir þörfum.

Jafnframt verði ráðlögðum þrifum og eftirfylgni á Klausturhólum fylgt eftir í samráði við stjórnendur heimilisins.

Sveitarstjóra er falið að leggja fram yfirlit um verkáætlun, kostnað og framvindu úrbóta. Starfsfólki, foreldrum og öðrum hlutaðeigandi verði áfram veittar upplýsingar um stöðu mála.

Samþykkt samhljóða.

16. 2610017 - Lántaka

Lögð fram tillaga að lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að 100 m.kr. Málið hefur verið undirbúið í samráði við fjármálastjóra, KPMG og Lánasjóð sveitarfélaga.

Samkvæmt fyrirliggjandi samskiptum standa 100 m.kr. eftir ónýttar af áður samþykktri 175 m.kr. lánsumsókn sveitarfélagsins. Fyrirliggjandi tillaga gerir ráð fyrir að nýta þá fjárhæð til endurfjármögnunar afborgana lána sveitarfélagsins að fjárhæð 85 m.kr. og fjármögnunar framkvæmda við íþróttamannvirki að fjárhæð 15 m.kr.

Drög að bókun voru send Lánasjóði sveitarfélaga 23. október 2026 til yfirferðar og staðfestingar á samræmi tilgangs og fjárhæðar við fyrirliggjandi lánssamþykkt.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að útgreiðslufjárhæð allt að 100.000.000 kr. samkvæmt þeim lánaskilmálum sem í boði eru þegar lánið er tekið. Lántakan getur verið í formi skammtímaláns sem forvera langtímaláns eða langtímaláns í þeim lánaflokkum sem sjóðurinn býður.

Lánið er tekið til endurfjármögnunar afborgana lána sveitarfélagsins að fjárhæð 85.000.000 kr. og til fjármögnunar framkvæmda við

íþróttamannvirki að fjárhæð 15.000.000 kr. Lántakan er hluti af áður samþykktri lánsumsókn sveitarfélagsins hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Um er að ræða fjármögnun verkefna sem hafa almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga.

Til tryggingar láninu, þ.m.t. höfuðstól, vöxtum, verðbótum, dráttarvöxtum, uppgreiðslugjaldi og öðrum kostnaði, samþykkir sveitarstjórn að tekjur sveitarfélagsins, sbr. 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, verði veðsettar.

Jafnframt er Sigurjóni Andréssyni, sveitarstjóra, kt. 101270-3279, veitt fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita lánasamning við Lánasjóð sveitarfélaga fyrir hönd Skaftárhrepps innan marka þessarar samþykktar. Umboðið tekur jafnframt til móttöku, undirritunar, útgáfu og afhendingar allra skjala, fyrirmæla og tilkynninga sem tengjast lántökunni, þar á meðal beiðni um útborgun láns.

Áður en gengið verður frá lántökunni skal liggja fyrir staðfesting Lánasjóðs sveitarfélaga á að fjárhæð og ráðstöfun samræmist fyrirliggjandi lánssamþykkt, ásamt staðfestingu fjármálastjóra á að lántakan rúmist innan gildandi fjárhagsáætlunar.

Samþykkt samhljóða.

17. 2610016 - Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. 2026 - fundargögn og fyrirhuguð slit byggðasamlagsins

Lagt fram fundarboð og gögn vegna aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs., sem haldinn verður að Hvoli á Hvolsvelli 30. október 2026. Meðal gagna eru ársskýrsla, ársreikningur 2025, tillaga að fjárhagsáætlun 2027, tillaga um ráðningu endurskoðanda og slitaáætlun í vinnslu.

Samkvæmt fundargögnum er gert ráð fyrir að starfsemi byggðasamlagsins í núverandi mynd ljúki um næstu áramót vegna breytinga á fyrirkomulagi opinbers eftirlits. Fjárhagsáætlun 2027 tekur mið af uppgjöri og kostnaði vegna starfsloka og slita og gerir ráð fyrir samtals 44 m.kr. framlagi aðildarsveitarfélaganna. Í slitaáætlun eru meðal annars tilgreind verkefni vegna uppgjörs skuldbindinga, ráðstöfunar eigna, varðveislu gagna og afhendingar ólokinna mála.

Sveitarstjórn felur fulltrúum Skaftárhrepps á aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. að fylgja eftir sjónarmiðum sveitarfélagsins í samræmi við umræður á fundinum.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að fyrir liggi skýr verkaskipting og ábyrgð við framkvæmd slita, heildstætt yfirlit yfir eignir og skuldbindingar, þar á meðal lífeyrisskuldbindingar, og rökstudd skipting kostnaðar milli aðildarsveitarfélaga. Jafnframt verði tryggð varðveisla gagna, afhending ólokinna mála og samfella í þjónustu við íbúa og atvinnulíf.

Sveitarstjóra er falið að afla upplýsinga um áætlaða hlutdeild Skaftárhrepps í kostnaði og skuldbindingum vegna slita og taka mið af

SM SA JG AG

ABB

þeim við gerð fjárhagsáætlunar 2027. Jafnframt fylgi sveitarstjóri eftir undirbúningi þeirra verkefna sem kunna að falla til sveitarfélagsins við breytingarnar.

Samþykkt samhljóða.

18. 2610003 - Kaupsamningur um hlutafé í einkahlutafélaginu Eldvilja ehf.

Lögð fram drög að kaupsamningi um kaup Skaftárhrepps á 52,5% eignarhlut Kirkjubæjarstofu í Eldvilja ehf., ásamt tölvupóstsamskiptum vegna tillögu að afgreiðslu milli funda sem send var sveitarstjórn 8. október 2026. Tillagan laut að því að senda samningsdrögin til stjórnar Kirkjubæjarstofu til yfirferðar og afstöðu, með fyrirvara um endanlegt samþykki sveitarstjórnar.

Jafnframt lagðar fram athugasemdir Jóhannesar Gissurarsonar og Auðar Guðbjörnsdóttur varðandi fyrirliggjandi gögn og grundvöll viðskiptanna. Erindinu hefur verið komið til KPMG til yfirferðar og undirbúnings efnislegra svara.

Færð er til bókar afgreiðsla meirihluta sveitarstjórnar milli funda um að fyrirliggjandi drög að kaupsamningi um eignarhlut Kirkjubæjarstofu í Eldvilja ehf. verði send stjórn Kirkjubæjarstofu til yfirferðar og afstöðu.

Erindi Auðar Guðbjörnsdóttur og Jóhannesar Gissurarsonar er lagt fram. Sveitarstjóra er falið að fylgja því eftir í samráði við KPMG og afla umbeðinna gagna og skýringa til yfirferðar sveitarstjórnar áður en endanleg afstaða verður tekin til viðskiptanna.

Afgreiðslan milli funda felur ekki í sér endanlegt samþykki á kaupunum, kaupverði eða öðrum skilmálum viðskiptanna. Kaupverð, skilmálar og endanleg viðskiptaskjöl verði lögð fyrir sveitarstjórn til umræðu og afgreiðslu áður en til undirritunar kemur.

19. 2610020 - Viðmið um hækkun gjaldskráa Skaftárhrepps árið 2027

Lögð er fram sameiginleg yfirlýsing ríkisstjórnarinnar, Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði.

Í yfirlýsingunni, sem byggir meðal annars á ályktun landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 25. september 2026, eru sveitarfélög hvött til að hækka almennar gjaldskrár sínar ekki umfram 2,5% á árinu 2027. Markmiðið er að sveitarfélög, ríki og aðilar vinnumarkaðarins leggi sameiginlega sitt af mörkum til að draga úr verðbólguþrýstingi, stuðla að lækkun vaxta og skapa skilyrði fyrir því að kjarasamningar haldi.

Lagt er til að Skaftárhreppur taki mið af þessu viðmiði við gerð fjárhagsáætlunar og ákvörðun gjaldskráa fyrir árið 2027.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps tekur undir markmið sameiginlegrar yfirlýsingar um aukinn efnahagslegan stöðugleika og samþykkir að við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2027 verði miðað við að almennar gjaldskrár sveitarfélagsins hækki ekki umfram 2,5%.

Við endanlega útfærslu gjaldskráa verði sérstaklega gætt að áhrifum breytinga á barnafjölskyldur og fólk í viðkvæmri stöðu. Jafnframt verði fyrirtæki í eigu sveitarfélagsins hvött til að leita leiða til að halda hækkunum gjaldskráa opinberrar þjónustu innan sömu marka.

Sveitarstjóra og fjármálastjóra er falið að haga áframhaldandi vinnu við fjárhagsáætlun og gjaldskrár ársins 2027 í samræmi við framangreint.

Samþykkt samhljóða.

20. 2610008 - STRAUMAR - Saga heimarafmagnsins-stuðningsyfirlýsing

Lögð fram afgreiðsla milli funda vegna máls nr. 2610008 um stuðningsyfirlýsingu Skaftárhrepps við STRAUMA - sögu heimarafmagnsins. Straumar safnfélag óskaði eftir yfirlýsingunni vegna uppbyggingar safns við Jónstún 1 á Kirkjubæjarklaustri, til að fylgja umsókn í Uppbyggingarsjóð Suðurlands. Vegna umsóknarfrests 21. október 2026 var óskað eftir afgreiðslu sveitarstjórnar milli funda.

Jafnframt lögð fram svör sveitarstjórnarfulltrúa og athugasemdir Auðar Guðbjörnsdóttur og Jóhannesar Gissurarsonar við orðalag yfirlýsingarinnar.

Færð er til bókar afgreiðsla meirihluta sveitarstjórnar milli funda þar sem stuðningsyfirlýsing við STRAUMA - sögu heimarafmagnsins var samþykkt. Sveinn Hreiðar Jensson, Sigurður Árnason og Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir samþykktu tillöguna.

Auður Guðbjörnsdóttir og Jóhannes Gissurarson gerðu ekki athugasemdir við styrkumsóknina sem slíka en töldu orðalag stuðningsyfirlýsingarinnar fela í sér of víðtækar heimildir til framtíðar og gátu því ekki samþykkt hana.

Með afgreiðslunni var sveitarstjóra falið að undirrita yfirlýsinguna og senda forsvarsmönnum verkefnisins. Yfirlýsingin hefur verið send til notkunar með styrkumsókninni. Samkvæmt samþykktri bókun felur hún ekki í sér fjárhagslega skuldbindingu Skaftárhrepps og verður hugsanleg fjárhagsleg aðkoma sveitarfélagsins tekin til sérstakrar ákvörðunar.

21. 2610013 - Öruggara Suðurland - áframhaldandi samstarf

Lagt fram erindi frá Lögreglustjóranum á Suðurlandi, dagsett 23. október 2026, þar sem óskað er eftir áframhaldandi samstarfi um Öruggara Suðurland og endurnýjun samstarfsyfirlýsingar að loknum sveitarstjórnarkosningum. Með erindinu fylgir stofnsamþykkt samráðsvettvangsins frá 18. apríl 2024.

Fyrirhuguð samstarfsyfirlýsing verður efnislega sambærileg stofnsamþykktinni, með þeirri breytingu að Samtök sunnlenskra sveitarfélaga verði formlegur samstarfsaðili. Jafnframt er fyrirhugað að ganga frá tilnefningum í framkvæmdateymi samráðsvettvangsins.

Sveitarstjórn samþykkir áframhaldandi þátttöku Skaftárhrepps í Öruggara Suðurlandi og leggur áherslu á mikilvægi samvinnu sveitarfélaga, lögreglu og annarra stofnana um forvarnir gegn ofbeldi og öðrum afbrotum.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að undirrita endurnýjaða samstarfsyfirlýsingu fyrir hönd Skaftárhrepps á þeim grundvelli sem lýst er í erindinu, þar með talið aðild Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

Samþykkt samhljóða.

23. 2606008 - Dalbæjarstapi - umsögn um rekstrarleyfi gististaðarins MADDIS

Lögð fram umsagnarbeiðni Sýslumannsins á Suðurlandi, dagsett 9. júní 2026, vegna umsóknar VD ehf. um leyfi til reksturs gististaðarins MADDIS að Dalbæjarstapa, fasteignanúmer F2529967, í flokki II-B, stærra gistiheimili, fyrir allt að 16 gesti. Jafnframt lögð fram ítrekun sýslumanns frá 7. október 2026, þar sem fram kemur að aðrir umsagnaraðilar hafi veitt jákvæða umsögn.

Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn um umsókn VD ehf., kt. 610622-0380, um rekstrarleyfi gististaðarins MADDIS að Dalbæjarstapa, fasteignanúmer F2529967, í flokki II-B, stærra gistiheimili, fyrir allt að 16 gesti. Sveitarstjóra er falið að senda umsögnina til Sýslumannsins á Suðurlandi.

Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

22. 2610019 - Dagur vatnsins - samstarf Skaftárhrepps við Ölfus og Ölfus Cluster

Sveitarstjóri kynnir þátttöku Skaftárhrepps í samstarfsverkefninu Dagur vatnsins - mikilvægi ábyrgrar nýtingar og sameiginlega styrkumsókn í Uppbyggingarsjóð Suðurlands.

Samkvæmt umsókn er fyrirhuguð ráðstefna og rannsóknatorg í Ölfusi 22. mars 2027. Markmiðið er að efla þekkingu og samtal um vernd vatnsauðlinda, ábyrga nýtingu þeirra og tækifæri til rannsókna, nýsköpunar og atvinnuþróunar. Hydros Ölfus ehf. er umsækjandi og Ölfus Cluster annast verkefnisstjórn. Hlutverk Skaftárhrepps felst í þátttöku í mótun dagskrár, miðlun staðbundinnar þekkingar og tengingu við hagaðila á svæðinu.

Sveitarstjórn fagnar samstarfinu um Dag vatnsins og telur verkefnið geta eflt þekkingu og samstarf um vernd og ábyrga nýtingu vatnsauðlinda á Suðurlandi.

Sveitarstjóra er falið að fylgja samstarfinu eftir og koma sjónarmiðum og hagsmunum Skaftárhrepps á framfæri við mótun dagskrár, meðal annars um mikilvægi vatnsauðlinda fyrir náttúru, samfélag og atvinnulíf sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 19:38.

Jóhannes Gissurarson

Auður Guðbjörnsdóttir

Sveinn Hreiðar Jensson

Auðbjörg B. Bjarnadóttir

Sigurður Árnason